

Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 16. febrúar 2017  
Tilv.: ANR17020266/2.3.3

Efni: Ósk um tilnefningu í stjórn Iceland Naturally 2017-2019


Hinn 26. október 2016 undirritaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra samning um markaðs- og kynningarverkefni í Norður Ameríku, sem ber heitið *Iceland Naturally*. Samningurinn er byggður á grunni eldri samnings um verkefnið sem var í gildi tímabilið 2014-2016, en áður höfðu verið í gildi samningar um verkefnið á tímabilinu 2000-2005, 2006-2009 og 2010-2013. Í desember sl. samþykkti Alþingi að veita áframhaldandi fjármunum til verkefnisins til þriggja ára og er því gert ráð fyrir að samningurinn gildi frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2019. Meðfylgjandi eru drög að samningnum.


Samkvæmt 6. gr. samningsins er yfirstjórn verkefnisins í höndum 9 manna stjórnar sem skipuð er af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann gegna formennsku í hópnum. Hefur ráðherra þegar skipað Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur formann stjórnar. Þá skulu eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver í stjórn: utanríkisráðherra, forsætisráðherra, Icelandair, Icelandic Group, Reykjavíkurborg og Íslandsstofa. Aðrir meðlimir skipta með sér tveimur stjórnarsætum og skal stjórn taka ákvörðun um skipan þeirra að höfðu samráði við meðlimi.

Í ljósi framangreinds er þess óskað að þér tilnefnið fulltrúa í stjórn Iceland Naturally 2017-2019. Ráðuneytið óskar eftir því, í samræmi við 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, að bæði karl og kona séu tilnefnd. Ef ekki er unnt að verða við því að tilnefna bæði konu og karl, skal skýra ástæður þess sbr. 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

Því er vinsamlega beint til yðar að tilnefna fulltrúa yðar í nefndina fyrir 24. febrúar næstkomandi. Vinsamlega látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra

  
Sigrún Brynja Einarsson

  
María Reynisdóttir

**Samningur**  
**um markaðs- og kynningarverkefni í Norður-Ameríku**  
**- Iceland Naturally -**

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands

og

Icelandic Group, Icelandair, Bláa lónið, ISAVIA, Reyka Vodka, Icelandic Glacial Water, Icelandic Provisions, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Reykjavíkurborg, Landsvirkjun, Íslandsstofa, utanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gera með sér samning um markaðs- og kynningarverkefni í Norður-Ameríku undir yfirskriftinni *Iceland Naturally*.

*Iceland Naturally* er samstarfsverkefni ríkis og ofangreindra aðila með hagsmuni á mörkuðum í Norður-Ameríku í huga og sameinar krafta Íslandsstofu og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins í Norður-Ameríku.

Iceland Naturally byggir á grunnstefum í kynningarmálum Íslands á alþjóðavettvangi: sköpunargleði og náttúru.

**1. Markmið**

Markmið samningsins og verkefnisins er að auka útflutningstekjur þjóðarinnar með sameiginlegu markaðs- og kynningarverkefni fyrir íslenskar vörur og þjónustu. Unnið skal að því að styðja við íslensk vörumerki á mörkuðum í Norður-Ameríku með því að auka á sýnileika íslenskrar vöru og þjónustu og ýta undir jákvæða eiginleika þess sem íslenskt er í huga neytandans. Til að ná því markmiði verða skilaboð samræmd undir kjörorðinu *Iceland Naturally*.

**2. Greiðslur og önnur framlög til verkefnisins**

Ráðstöfunarfé verkefnisins skal að lágmarki vera 1 milljón USD á ári og leggur ríkissjóður Íslands fram 620.000 USD. Framlag ríkisins getur þó aldrei verið hærra en sem nemur þeirri fjárhæð er Alþingi samþykkir að veita til verkefnisins á fjárlögum ár hvert. Skal fjárhagsáætlun verkefnisins ár hvert taka mið af því. Aðrir aðilar samningsins ábyrgjast mótframlag sem skiptist þannig á ári í USD:

Icelandair	110.000
Icelandic Group	55.000
Reykjavíkurborg	55.000
ISAVIA	35.000
Bláa lónið	35.000
Reyka Vodka	35.000
Landsvirkjun	35.000
Icelandic Glacial	35.000
Íslandsstofa	35.000
Icelandic Provisions	35.000
Ölgerðin Egill Skallagrímsson	35.000

<b>Samtals fyrirtæki</b>	<b>500.000</b>
<b>Samtals íslenska ríkið</b>	<b>620.000</b>
<b>Samtals 2017</b>	<b>1.120.000</b>

Framlag Icelandair er að 50% í formi beinna fjárframlaga og að 50% flugmiðauðtekt í verkefni *Iceland Naturally*.

Framlag Íslandsstofu er, auk beins fjárframlags, vinnuframlag starfsmanna vegna rekstrar- og fjárhagsumsýslu, framkvæmdar og daglegrar umsýslu sbr. 7. gr.

Framlag utanríkisráðuneytisins er vinnuframlag viðskiptafulltrúans í New York vegna rekstrar- og fjárhagsumsýslu, framkvæmdar og daglegrar umsýslu sbr. 7. gr.

### 3. Þátttaka nýrra aðila

Til að efla verkefnið skal stefnt að því að fjölga aðildarfélögum, með þátttöku fyrirtækja eða samtaka sem samræmast ímynd og markmiði verkefnisins. Í því skyni skulu framkvæmdaaðilar verkefnisins auglýsa að lágmarki einu sinni á ári eftir nýjum samningsaðilum.

### 4. Skilyrði þátttöku

Þátttakendur í verkefninu geta verið fyrirtæki, samtök eða opinberir aðilar sem:

- markaðssetja vörur eða þjónustu í Norður Ameríku sem auka gjaldeyriskjör íslenska þjóðarbúsins
- taka fjárhagslegan þátt í verkefninu
- falla að áherslum þeim sem markaðar eru af stjórn verkefnisins
- hafa ekki neikvæð áhrif á markaðstarfið

### 5. Ávinningur fyrir þátttakendur.

Þátttaka í markaðsstarfi *Iceland Naturally*.

Samnýting markaðstækifæra.

Heimild til þátttöku í auglýsingum *Iceland Naturally*.

Afnót af vörumerkinu *Iceland Naturally* í samræmi við reglur þar um.

Aðgangur og þátttaka í markaðsrannsóknnum *Iceland Naturally*.

Þátttaka í kynningum á vegum *Iceland Naturally*.

Forgangstenging á heimasíðu verkefnisins *Iceland Naturally*.

### 6. Stjórn verkefnisins

Yfirumsjón verkefnisins skal vera í höndum níu manna stjórnar sem er skipuð af iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann gegna formennsku í hópnum. Einn fulltrúi skal tilnefndur af utanríkisráðherra og einn af forsætisráðherra.

Í stjórn tilnefna einn aðila hver Icelandair, Icelandic Group, Reykjavíkurborg og Íslandsstofa. Aðrir meðlimir skipta með sér tveimur stjórnarsætum og skal stjórn taka ákvörðun um skipan þeirra að höfðu samráði við meðlimi. Skulu þeir fulltrúar skipaðir til tveggja ára í senn.

Hlutverk stjórnar er að bera ábyrgð á heildarstjórn, stefnumótun og markmiðum verkefnisins. Ákvarðanir skulu afgreiddar með samkomulagi í stjórn. Standi atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns niðurstöðu mála.

Hver aðili samningsins ber ábyrgð á kostnaði síns stjórnarmanns þ.m.t. ferðakostnaði og stjórnarlaunum.

Stjórn skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Hún auglýsir eftir aðildarfélögum að verkefninu og afgreiðir nýjar umsóknir með rökstuðningi. Stjórn ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og undirritar ársreikning vegna hans.

Allir meðlimir verkefnisins skulu boðaðir á meðlimafund ár hvert þar sem m.a. eru lagðir fram reikningar og ársskýrsla.

#### **7. Umsjón og framkvæmd**

Framkvæmd verkefnisins og dagleg umsýsla er í höndum Íslandsstofu og viðskiptafulltrúa Íslands í Norður Ameríku og teljast til hluta af daglegum starfsskyldum þeirra án aukapóknunar. Aðsetur verkefnisins er á Aðalræðisskrifstofu Íslands í New York.

Íslandsstofa ber ábyrgð á fjárhagsumsýslu með verkefninu þ.á m. með bókhaldi, eftirliti með áætlunum og endurskoðun.

#### **8. Samlegð við önnur verkefni og endurskoðun**

Á samningstímabilinu skal unnið að samlegð með öðrum markaðs- og kynningarverkefnum sem hið opinbera stendur að í samstarfi við atvinnulífið.

Samningsaðilum er heimilt að leggja til endurskoðun á samningnum ár hvert með það að leiðarljósi að ná fyrrgreindum markmiðum um samlegðaráhrif með öðrum markaðs- og kynningarverkefnum.

#### **9. Gildistími**

Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2019 og er gerður með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis á fjárlögum hverju sinni. Meðlimir samningsins geta hætt þátttöku í verkefninu, með þriggja mánaða uppsagnarfresti (1. okt.), í lok hvers árs.

Reykjavík, 26. október 2016

*f.h. ríkissjóðs Íslands*

---

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar og viðskiptaráðherra

*f.h. Icelandair*

---

Helgi Már Björgvinsson

*f.h. Icelandic Group*

---

Sara Lind Þrúðardóttir

*f.h. ISAVIA*

---

Elín Árnadóttir

*f.h. Icelandic Provisions*

---

Molly Peterson

*f.h. Bláa Lónsins*

---

Grímur Sæmundsen

*f.h. Icelandic Glacial Water*

---

Jón Ólafsson

*f.h. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar*

---

Andri Þór Guðmundsson

*f.h. Reyka Vodka*

---

Kirsten Walpert

*f.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs*

---

Svanhildur Konráðsdóttir

*f.h. Landsvirkjunar*

---

Björgvin Sigurðsson

*f.h. Íslandsstofu*

---

Jón Ásbergsson

*f.h. utanríkisráðuneytisins*

---

Harald Aspelund

*f.h. forsætisráðuneytisins*

---

Ágúst Geir Ágústsson